



FAGMENNSKA - SKÖPUN - SAMSTARF

Starfsáætlun 2026

Inngangur

AkureyrarAkademían (AkAk) er norðlenskt rannsókn- og fræðasetur með aðsetur í Sunnuhlíð 12, Akureyri, stofnað árið 2014, í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Við stofnunina tók AkAk við rekstri og starfsemi forvera síns, Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, sem var komið á fót árið 2006.

Meginhlutverk AkureyrarAkademíunnar samkvæmt skipulagsskrá og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2015 er í fyrsta lagi að starfrækja rannsókn- og fræðasetur á Akureyri til að bjóða háskólanemum og öðrum sem fást við fræða- og ritstörf upp á aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum. Í öðru lagi að styðja við rannsóknir og fræði með því að miðla þekkingu til samfélagsins og stuðla að umræðum í samstarfi við almenning, fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir og opinbera aðila.

Núgildandi skipulagsskrá AkAk er nr. 764/20. júlí 2020. Stjórn AkAk skipa Sigurgeir Guðjónsson, formaður, Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, Þorgerður Anna Björnsdóttir, ritari, og í fulltrúaráði eru Arna Dögg Arnardóttir, Bryndís Fjóra Pétursdóttir, Gunnar Árnason og Jón Örn Pálsson. Framkvæmdastjóri í 50% starfi er Aðalheiður Steingrímsdóttir.

AkAk starfar samkvæmt [stefnu](#) sem byggir á 4. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar með skilgreindum markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum til að hafa yfirsýn og meta árangurinn af starfseminni. Starfsáætlunin byggir á ofangreindri stefnu og skiptist áætlunin í eftirtalin svið:

1. Fjármál og rekstur
2. Aðstaða og faglegt starf
3. Miðlun
4. Samstarf

Á starfsárinu 2026 verður kappkostað að efla enn frekar starf á breiðu sviði og tengslin við nærsamfélagið.

Akureyri, 22. janúar 2026

Fyrir hönd AkureyrarAkademíunnar

Sigurgeir Guðjónsson, stjórnarformaður
Aðalheiður Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri

1. Fjármál og rekstur

Markmið	Aðgerðir/verkefni	Mælikvarðar
Að tryggja öryggi í fjármálum og stöðguleika í rekstri.	Að gera samstarfssamning við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið til næstu ára.	Samstarfssamningur gerður.
	Að hafa góða yfirsýn yfir fjármál og rekstur AkAk.	Ársreikningur og rekstraráætlun sýni stöðuga afkomu. Reglubundin yfirferð stjórnar yfir rekstrarstöðu AkAk. Undirbúningur rekstrar- og starfsáætlunar í desember 2026 fyrir árið 2027.
	Að halda traustum tengslum við ráðuneytið með samráðsfundum og upplýsingagjöf um fjármál og starfsemi AkAk.	Fjöldi árlegra samráðsfunda. Skil á rekstrar- og starfsáætlun 2026 til ráðuneytis í janúar. Skil á ársreikningi 2025 og ársskýrslu 2025-2026 til ráðuneytis í júní. Skil í júní á ársreikningi 2025 til Sýslumannsins á Vestfjörðum.
	Að afla styrkja til að standa straum af kostnaði við að halda viðburði fyrir íbúa á Akureyri.	Fjöldi og upphæðir styrkveitinga á ári.

2. Aðstaða og faglegt starf

Markmið	Aðgerðir/verkefni	Mælikvarðar
Að veita háskólanemum og þeim sem sinna fræði- og ritstörfum og annarri þekkingarsköpun góða aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum með því að starfrækja öflugt rannsókn- og fræðasetur á Akureyri með áherslu á þverfaglegt og lifandi þekkingarsamfélag um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun.	Að bjóða upp á góða aðstöðu til háskólanáms, fræði- og ritstarfa, og annarrar þekkingarsköpunar, námskeiða og funda.	Viðhorfsskönnun meðal þeirra sem leigja vinnuaðstöðu hjá AkAk um húsnæði, aðstöðu og þjónustu og að nota niðurstöður til umbóta.
	Að móta nýja stefnu fyrir AkAk með skilgreindum markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum til að hafa yfirsýn og meta árangurinn af starfseminni sem gildi fyrir tímabilið 2026-2030.	Ný stefna mótuð og innleidd í starfseminni.
	Að miðla upplýsingum til akademóna um rannsóknarsjóði og styrki.	Upplýsingum miðlað.
	Að veita akademónum aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni.	Aðstoð við umsóknir og önnur verkefni.
	Að viðhalda nýliðun í hópnum sem leigir vinnuaðstöðu hjá AkAk.	Að lágmarki 80% vinnuaðstöðu sé í útleigu hverju sinni.
	Að safna upplýsingum með reglubundnum hætti um nýtingu á vinnuaðstöðu, menntunarstig þeirra sem leigja aðstöðu, verkefni sem fólk vinnur að hjá AkAk og viðburði sem AkAk stendur fyrir.	Reglubundin upplýsingasöfnun og fréttum um hana miðlað sem víðast.
	Að halda upp á 20 ára afmæli AkAk og gefa út nýja skýrslu um verkefni og viðburði hjá AkAk fyrir tímabilið 2021-2026.	Afmælishóf haldið, skýrsla gefin út og henni miðlað sem víðast.

Að efla samveru akademóna og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk.	Að halda reglubundna súpufundi þar sem fólk segir frá því sem það er að vinna að og rætt er um starfsemi AkAk.	Súpufundir haldnir a.m.k. sjö sinnum yfir árið.
	Að halda jólaboð og fara í vorferð.	Jólaboð haldið og farið í vorferð.
	Að akademónar kynni verkefni sín og haldi námskeið þegar eftir því er leitað.	Fjöldi kynninga og námskeiða.
	Að akademónar taki þátt í starfseminni á vettvangi AkAk og leggi sitt af mörkum til hennar.	Þátttaka akademóna í starfsemi AkAk.
	Að stjórn og fulltrúaráð haldi reglubundna fundi á starfsárinu.	Fundir stjórnar og fulltrúaráðs haldnir reglulega á starfsárinu.
	Að halda ársfund AkAk í maí.	Ársfundur AkAk haldinn í maí.

3. Miðlun

Markmið	Aðgerðir/verkefni	Mælikvarðar
Að efla miðlun upplýsinga um starf á vettvangi AkAk til að auka sýnileika í samfélaginu.	Að vefsíða AkAk sé aðgengileg og notendavæn.	Vefsíða uppfærð jöfnum höndum.
	Að uppfæra gagnagrunn um verkefni og viðburði á vefsíðu jöfnum höndum.	Gagnagrunnur á vefsíðu uppfærður og fréttum miðlað um uppfærsluna.
	Að gera áætlun um viðburði á hverju misseri, bæði viðburði á vegum AkAk sem og þá sem AkAk stendur að í samstarfi við aðra aðila.	Viðburðir birtir í viðburðadagatali á vefsíðu AkAk.
	Að efla miðlun á vefsíðu og samfélagsmiðlum um starfið á vettvangi AkAk sem og í svæðismiðlum á Akureyri.	Fjöldi fréttu og pistla á miðlum AkAk og í svæðismiðlum.
	Að gefa út fréttabréf um það sem er efst á baugi í starfi AkAk.	A.m.k. fimm fréttabréf gefin út.

4. Samstarf

Markmið	Aðgerðir/verkefni	Mælikvarðar
Að styðja við rannsóknir og fræði með því að miðla þekkingu til samfélagsins og stuðla að umræðum í samstarfi við almenning, fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir og opinbera aðila.	Að eiga samstarf við Háskólann á Akureyri samkvæmt samstarfssamningi . Að miðla upplýsingum til HA um þá fræðimenn sem starfa hjá AkAk með það fyrir augum að HA geti leitað til þeirra um stundakennslu eða önnur verkefni. Að kynna AkAk á fræðasviðum og deildum HA.	Fjöldi sameiginlegra funda og verkefna. Upplýsingum miðlað til HA. Fjöldi kynninga í HA.
	Að eiga samstarf við Akureyrarbæ um endurgjaldslausu vinnuaðstöðu fyrir frumkvöðla til að vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna.	Upplýsingar teknar saman um nýtingu á vinnuaðstöðu og faglega virkni.
	Að eiga samstarf við Reykjavík Akademiuna samkvæmt samstarfssamningi .	Fjöldi sameiginlegra funda og verkefna.
	Að eiga samstarf við hjúkrunarheimilin á Akureyri um fyrirlestra fyrir íbúa heimilanna og aðra bæjarbúa.	Fjöldi fyrirlestra, aðsókn og viðtökur.
	Að eiga samstarf við Minjasafnið á Akureyri og Sagnfræðingafélag Íslands um fyrirlestra fyrir almenning um sögu og menningarminjar.	Fjöldi fyrirlestra, aðsókn og viðtökur.
	Að bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð 12 og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni.	Fjöldi viðburða, aðsókn og viðtökur.

